

**Bryndís Garðarsdóttir
Edda Kjartansdóttir**

Mat á starfi Barnaheimilisins Óss

Skýrsla unnin fyrir menntamálaráðuneytið

**Símenntun Rannsóknir Ráðgjöf
Kennaraháskóla Íslands**

Mars 2007

© Bryndís Garðarsdóttir og Edda Kjartansdóttir, 2007

Mat á starfi Barnaheimilisins Óss.

Símenntun Rannsóknir Ráðgjöf Kennaraháskóla Íslands

ISBN 978-9979-793-55-7

Efnisyfirlit

Ágrip	6
Formáli	8
Inngangur	10
Gagnaöflun	10
Aðstaða og búnaður	11
Umhverfi leikskólans og útileiksvæði	11
Húsnæði, búnaður og kennslugögn.....	11
Aðstaða í eldhúsi	12
Samantekt og mat	13
Stjórnun, rekstur og starfsmannahald	15
Rekstrarform	15
Fjöldi starfsmanna, stöðugildi og menntun	15
Verkaskipting leikskólastjóra og starfsfólks	16
Fundir og boðskipti	17
Starfsmannahandbók	17
Samantekt og mat	17
Uppeldis- og menntastarfið	19
Fjöldi barna og viðvera	19
Skólanámskrá	19
Dagskipulag.....	20
Daglegt líf.....	22
Námssvið og námsþættir	22
Sérþarfir barna.....	23
Mat á leikskólastarfinu	23
Samantekt og mat	24
Samskipti, samstarf og starfsandi	26
Samskipti milli starfsmanna	26
Samskipti barna og starfsmanna.....	26
Samskipti barna	26
Samstarf og samskipti við foreldra.....	27
Viðhorf foreldra	27

Aðrir samstarfsaðilar.....	27
Samantekt og mat	28
Samantekt.....	29
Heimildaskrá.....	31

Ágrip

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir mati á starfi Barnaheimilisins Óss í Reykjavík. Matið tók mið af þeim þáttum sem tilgreindir voru í verksamningi milli Rannsóknarstofnunar KHÍ, nú SRR og menntamálaráðuneytis í nóvember 2006. Á grundvelli hans var kannað hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga, reglugerðar og aðalnámskrá leikskóla.

Matið leiðir í ljós að mörgum þáttum er vel sinnt. Smæð leikskólans og rekstrarform hans skapa honum ákveðna sérstöðu sem leiðir til þess að foreldrar hafa töluverð áhrif á starfið og að ákveðið traust og virðing ríkir á milli foreldra og starfsmanna. Meginkostir leikskólans felast í góðum starfsanda og jákvæðum samskiptum á milli starfsmanna, barna og við börn og foreldra. Vel er haldið utan um daglegt skipulag og öll verkaskipting er skýr. Þá eru foreldrar mjög ánægðir með það starf sem fram fer í leikskólanum. Helstu veikleikar felast í ómarkvissri skráningu á markmiðum og leiðum í leikskólastarfinu, húsnæði, lóð og starfsmannaaðstöðu. Mikilvægt er að þróa skólanámskrá þannig að fram komi hvernig leikskólinn ætlar að uppfylla markmið aðalnámskrár leikskóla og um leið Hjallastefnunnar. Vinna þarf markvissar að því að skrá og meta leikskólastarfið.

Formáli

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir mati á starfi Barnaheimilisins Óss. Matið var unnið á vegum Rannsóknarstofnunar KHÍ fyrir menntamálaráðuneytið. Höfundar skýrslunnar eru Bryndís Garðarsdóttir, lektor við Kennaraháskóla Íslands og Edda Kjartansdóttir, verkefnastjóri hjá Símenntun, rannsóknir og ráðgjöf KHÍ (SRR). Sigríður Einarsdóttir las lokahandrit. Stjórnendum leikskólans var boðið að gera athugasemdir við lokadrög skýrslunnar.

Skýrsluhöfundar þakka leikskólastjóra og starfsmönnum fyrir góðar móttökur, aðstoð við gagnaöflun og samstarf á meðan á matinu stóð.

Reykjavík í mars 2007.

Bryndís Garðarsdóttir og Edda Kjartansdóttir

Inngangur

Barnaheimilið Ós er til húsa að Bergþórugötu 20 í Reykjavík. Leikskólinn tók til starfa 1973 er hópur foreldra tók sig saman með það að markmiði að gera tilraun með að reka barnaheimili þar sem foreldrar bæru ábyrgð á öllum rekstri og starfsemi. Ós var fyrstu árin til húsa við Dugguvog, síðar að Bergstaðastræti en frá árinu 1986 hefur leikskólinn verið starfræktur í núverandi húsnæði. Ós er tveggja deilda leikskóli ætlaður börnum frá tveggja til sex ára og skiptist í stúlkna og drengjakjarna¹. Barnaheimilið Ós er foreldrarekinn leikskóli þannig að foreldrar sjá alfarið um fjárhagslegan rekstur og innritun barna, jafnframt því sem þeir geta haft áhrif á uppeldis- og menntastarfið. Leikskólinn er með rekstrarsamning við Reykjavíkurborg sem greiðir ákveðna fjárhæð með hverju barni á móti gjaldi foreldra. Leikskólinn hefur starfað samkvæmt Hjallastefnunni síðastliðin ellefu ár og er með samning við Hjallastefnuna ehf. um faglega ráðgjöf. Megináherslur í starfi leikskólans tengjast samskiptum, vináttu, félagslegri færni, lýðræði og jafnrétti. Börnunum er skipt á deildir/kjarna eftir kyni. Leikskólastjóri á Ósi er Guðrún Friðjónsdóttir en hún lætur af störfum 1. mars nk. og við starfinu tekur María Jónsdóttir sem hefur starfað sem deildarstjóri á stúlkukjarna. Leikskólinn er opinn frá 07:45 – 17:30.

Í samningi sem gerður var við skýrsluhöfunda í nóvember 2006, kemur fram að matinu sé ætlað að leiða í ljós hvort starfsemi leikskólans sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerðar og aðalnámskrá leikskóla. Meðal atriða sem matið skyldi beinast að eru stjórnun og rekstur, samskipti og samstarf, sérfræðipjónusta, aðstaða og búnaður og innra starf leikskólans.

Gagnaöflun

Gagna vegna matsins var aflað með viðtölum við einstaklinga og fámenna hópa, vettvangsathugunum og greiningu skráðra gagna. Fundir voru haldnir með leikskólastjóra, deildarstjóra, leiðbeinendum og fulltrúa foreldra. Þátttakendur á fundunum voru alls átta og stóð hver fundur í um eina klukkustund. Í viðtölunum var stuðst við viðtalsramma sem tók mið af þeim þáttum sem mat menntamálaráðuneytisins beindist að. Samhliða viðtölum fóru fram vettvangsathuganir. Skráð gögn sem stuðst var við voru skólanámskrá, námskrá Hjallastefnunnar, starfslýsingar Hjallastefnunnar, Markmið og starfsreglur Barnaheimilisins Óss, fréttabréf ætlað foreldrum ásamt niðurstöðum úr viðhorfskönnun meðal starfsmanna og foreldra.

¹ Í leikskólum sem starfa í anda Hjallastefnunnar er talað um kjarna í stað deilda.

Aðstaða og búnaður

Skýrsluhöfundar skoðuðu húsnæði og umhverfi í heimsóknum sínum á vettvangi. Eftirfarandi lýsing er afrakstur vettvangsathugana, viðtala við starfsmenn og foreldra ásamt upplýsingum úr skriflegum gögnum frá leikskólanum. Þær viðmiðanir sem skýrsluhöfundar lögðu til grundvallar voru hvort aðstaða og búnaður væri samkvæmt reglugerð um starfsemi leikskóla (nr. 225/1995 og 365/2001) og áherslum í Aðalnámskrá leikskóla (1999).

Umhverfi leikskólans og útileiksvæði

Barnaheimilið Ós er starfrækt í gömlu þrílyftu timburhúsi á horni Bergþórugötu og Vitastígs, í grónu íbúðarhverfi í miðborg Reykjavíkur. Í næsta nágrenni eru Austurbæjarskóli, Iðnskólinn, Hallgrímskirkja og Listasafn Einars Jónssonar. Lóðin er vel afgirt og þar eru tvær rólur, stór sandkassi, klifurkastali og nokkurskonar virki. Nokkur bílaumferð er í nágrenni leikskólans og aðkoma að leikskólanum er frekar þröng. Stærð lóðar er 337m² og rými fyrir hvert barn því 13.48m² sem er undir þeim viðmiðunarmörkum (lágmark 20 m²) sem kveðið er á um í reglugerð um starfsemi leikskóla. Samkvæmt upplýsingum frá leikskólastjóra er þetta leyst með því að börnin eru ekki öll úti í einu, yngri börnin hafa forgang að lóðinni fyrir hádegi og eldri börnin eftir hádegi. Skólalóð Austurbæjarskóla er einnig notuð til útivistar með börnunum auk þess sem farið er í vettvangsferðir í nágrenni leikskólans.

Húsnæði, búnaður og kennslugögn

Í reglugerð um starfsemi leikskóla (nr. 265/2001) er kveðið á um að hússkipan skuli miðast við að mögulegt sé að starfa í samræmi við námssvið í Aðalnámskrá leikskóla. Þar segir m.a.: „Skipulag og búnaður leikskóla á að örva leik barna, frumkvæði þeirra og virkni. Börn þurfa vandaðan og fjölbreyttan leikfangakost og margvíslegan efnivið til skapandi starfa” (Aðalnámskrá leikskóla, 1999:12-13).

Húsnæði leikskólans var byggt sem íbúðarhús árið 1919. Í kjallara er forstofa, tveir fataklefar, listasmiðja, snyrting, lítið búr og geymsla. Á miðhæð eru tvö herbergi sem nýtt eru fyrir drengjakjarna, setustofa, eldhús og forstofa. Á efstu hæð eru þrjú herbergi sem nýtt eru fyrir stúlknakjarna, snyrting og skrifstofa.

Leikskólinn er rekinn af foreldrum með styrk frá Reykjavíkurborg sem á húsnæðið og sér um viðhald utanhúss. Viðhald innanhúss er í höndum foreldra. Flatarmál húss er 132m² og því er heildarrými á hvert barn 5,28m². Nákvæmar tölur um leik- og kennslurými liggja ekki fyrir en heildarrými á hvert barn er undir þeim viðmiðunarmörkum (6,5 m²) sem kveðið er á um í reglugerð (nr. 365/2001 og 225/1995) um starfsemi leikskóla. Hvor kjarni hefur til umráða tvö herbergi, auk þess sem stúlknakjarni hefur til viðbótar eitt lítið herbergi. Hvert herbergi hefur

ákveðnar vinnustöðvar og fara allir hópar minnst einu sinni í viku í gegnum öll herbergi hússins. Í leikskólum sem starfa í anda Hjallastefnunnar er úrval leikefnis haft takmarkað m.a. í þeim tilgangi að börnin nýti eigið ímyndunarafli í leik sínum. Það leikefni sem börnunum á Ósi stendur til boða í leik sínum eru einingakubbar, trélitir, legókubbar, leir, föt og fylgihlutir til hlutverkaleikja. Í listasmíðju er m.a. unnið með málningu, hrísgrjón og sand auk ýmiss efniviðar sem til fellur í leikskólanum svo sem pappaubúðir og annað verðlaust efni. Í viðtölum við starfsfólk kemur fram að það er sátt við leikfangaúrvalið og telur það örva sköpunargleði og fullnægja leikgleði barnanna.

Snyrtingar í húsinu eru tvær, ein á efri hæð hússins og hin í kjallara. Starfsmenn og börn samnýta snyrtingu á efri hæð en snyrting í kjallara er ætluð börnunum. Á stigaskör efri hæðar er skiptiaðstaða fyrir yngstu börnin. Í viðtölum við starfsmenn kom fram að þeim hafi fundist skrýtið í fyrstu að deila snyrtingu með börnunum en vanist því fljótt. Fram kemur að sérstakar vinnureglur gilda um regluleg þrif á sameiginlegri snyrtingu. Hreinlætisaðstaða starfsmanna samræmist ekki reglum um húsnæði vinnustaða (nr. 581/1995 21.gr.), en þar segir m.a. að þar sem gert sé ráð fyrir aðgengi annarra en starfsmanna að snyrtingu skuli hún vera aðskilin.

Fataklefar eru staðsettir í kjallara hússins. Fataklefarnir eru þröngir og í viðtölum við starfsfólk kom fram að aðstaða þar mætti vera betri. Hjá starfsfólki kom fram að þeim finnst húsnæðið lítið og stigarnir erfiðir. Stigarnir eru ekki síst erfiðir vegna aldursdreifingar á Ósi, en á yfirstandandi skólaári eru fleiri ung börn sem komast ekki sjálf upp og niður stigana en áður. Öryggishlið eru á báðum stigaskörum og starfsfólk er meðvitað um mikilvægi þess að hafa hurðir fram á gang læstar svo börn fari ekki fram og reyni að klífa stigana eftirlitslaus. Skýrsluhöfundar veittu því athygli að eldri börnin hafa lært og eru meðvituð um mikilvægi þess að hafa öryggishlið lokað og urðu vitni að því að stúlka á fjórða ári lokaði hliðinu vandlega svo barn á öðru ári færi ekki fram á stigaskörina.

Skýrsluhöfundar spurðu út í brunavarnir og brunaæfingar. Starfsfólk er upplýst og meðvitað um viðbrögð við bruna og hvernig rýma á húsið. Brunaæfingar hafa þó ekki verið haldnar í nokkur ár en útgönguleiðir eru ávallt kynntar fyrir nýjum starfsmönnum. Ekki virðist vera ljóst í huga rekstraraðila né leikskólastjóra hver á að sjá til þess að brunaæfingar séu haldnar í leikskólanum. Mikilvægt er að það liggi ljóst fyrir hver ber ábyrgð á að slíkar æfingar fari fram.

Aðstaða í eldhúsi

Eldhús er á vinstri hönd þegar komið er inn á fyrstu hæð leikskólans. Í eldhúsinu eru svipuð tæki og algeng eru á heimilum og þar er matreitt fyrir 25 börn og 7 starfsmenn.

Þegar skýrsluhöfundar komu fyrst í leikskólann, í desember 2006, var matráður ný hættur og annar hafði ekki verið ráðinn. Foreldrar skiptu því með sér að koma og elda hádegismat en starfsfólk sá um að taka til og ganga frá eftir morgunmat og nónhressingu. Börnin matast inni á kjarna. Drengjakjarni er inn af eldhúsinu og stutt að fara með leirtau og mat þangað og þaðan. Stúlkukjarni er á efri hæð hússins og ber starfsfólk matarílát og matvæli milli hæða þar sem ekki er lyfta í húsinu. Í viðtölum við starfsfólk og foreldra kom fram að það er meðvitað um að eldhúsið fullnægir ekki kröfum Heilbrigðiseftirlitsins og að það hefur verið starfrækt á undanþágu í a.m.k. þrjú ár. Hafist verður handa við lagfæringar á eldhúsi í mars 2007.

Samantekt og mat

Í viðtölum við starfsmenn kom mjög skýrt fram að það lítur jákvæðum augum á vinnuumhverfi sitt og lætur ekki atriði sem betur mega fara trufla sín daglegu störf, heldur leggur sig fram um að nýta húsnæðið sem best og skipuleggja starfið miðað við þær aðstæður sem því eru búnar. Í viðtölum leggur starfsfólk mikla áherslu á að andinn í húsinu sé góður og tekur skýrt fram að foreldrar bregðist fljótt við og lagi það sem bent er á að betur megi fara.

Starfsmenn eru sáttir við það leikefni sem í boði er og af niðurstöðum viðhorfskönnunar og viðtali við foreldri má ráða að þeir séu á sömu skoðun. Í námskrá Hjallastefnunnar kemur fram það sjónarmið að leikföng séu úthugsuð og feli því oft í sér leit að hinni einu réttu lausn. Einnig er lögð áhersla á að eitthvað fleira og meira skapandi verði að vera í boði svo börnin festist ekki í innantómri afþreyingu og einangri sig frá samskiptum. Í námskránni kemur ekki fram á hverju þessi sjónarmið byggja né hvaða fræðileg rök liggja þar að baki. Leikfangakosturinn á Ósi er í samræmi við þetta og er því unnið með opinn efnivið² í stað hefðbundinna leikfanga og er efniviður sá sami fyrir öll börn burtséð frá þroska, áhuga eða getu. Valmöguleikar eru ekki margir og það sem er í boði vinna börnin með í fyrirfram ákveðinn tíma en yngri börnin hafa þó meira svigrúm og geta skipt oftar um viðfangsefni en þau eldri.

Skýrsluhöfundar velja fyrir sér hvort þeim áherslum sem fram koma í Aðalnámskrá leikskóla, varðandi leikfangakost sé fullnægt. Þar kemur m.a. fram að börn eigi að hafa vandaðan og fjölbreyttan leikfangakost og margvíslegan efnivið til skapandi starfa. Mikilvægt sé að hann örvi leik barna, frumkvæði og virkni og börnin fái viðfangsefni við hæfi (Aðalnámskrá leikskóla, 1999:12-13).

² Með opnum efniviði er átt við leikefni sem gefur ekki fyrirfram ákveðnar lausnir t.d. brúður og bílar. Þess í stað er valið leikefni sem ætlað er að ýta undir samskipti, skapandi hugsun og ímyndun í leik. Dæmi um slíkt leikefni eru trékubbar, svamppúðar, teppi, leir, ýmsar fönðurvörur og verðlaust efni.

Það er ekki ljóst í huga skýrsluhöfunda hvernig virkni og frumkvæði barna er örvað þegar þeim býðst einungis að vinna með mjög afmarkað efni í tiltekinn tíma. Að mati skýrsluhöfunda er þetta hamlandi og jafnvel hætt við að það dragi úr áhugahvöt barna þegar þau hafa lítil áhrif á það hvaða efnivið þau vinna með. Börnin læra síður að taka ákvarðanir um og þróa leik sinn þegar þau venjast því að í vali þeirra felst ávallt að vinna með sama leikefni í fyrirfram ákveðinn tíma. Rannsókn Prescotts, (1987) sýnir fram á að gott jafnvægi milli „lokaðs og opins efniviðar“ er tengt góðum leik, þátttöku og ánægjulegum degi í leikskólanum. Í rannsókninni kom fram að upp að þriggja ára aldri er æskilegt að börn hafi mikið af raunverulegum hlutum í leik sinn. Fyrir 4-6 ára börn er talið að blanda af báðum, þ.e. lokuðum og opnum efniviði sé æskilegt (ólíkir einstaklingar, þroski og leikgeta). Velja verður leikföng/efnivið sem henta þroska og áhuga barnanna. Umfram allt þá þýða leikföng möguleika til leiks og tækifæri til að breyta hlutunum í þágu leiksins. Æskilegt er að skilgreina leikfang á breiðum grunni, þröng skilgreining á hvað sé gott leikfang er ekki til hagsbóta fyrir barnið í leik. Hvort eitthvað er eða verður leikfang snýst um það hvernig börn nota hlutina í leik. Ef leikfang opnar ekki vissa möguleika í leiknum, missir það marks. Það er barnið í leiknum sem ákveður, út frá sinni ímyndun og sköpun hvort leikfangið/efnið er opið eða lokað (Frost o.fl. 2005).

Það er mat skýrsluhöfunda að ekki sé nægilega rökstutt í gögnum leikskólans hvernig leikfangakosturinn á Ósi virkjar frekar frumkvæði og sköpun barna en sá leikfangakostur sem almennt er í boði í leikskólum.

Skýrsluhöfundar telja húsnæði leikskólans ekki heppilegt undir starfseminna þar sem það er þröngt og heildarrými fyrir hvert barn, bæði úti og inni, er undir þeim viðmiðunarmörkum sem kveðið er á um í reglugerð um starfsemi leikskóla. Reikna þarf út leik- og kennslurými til þess að ákvarða hvort lágmarksviðmið reglugerðar ($3m^2$) fyrir hvert barn sé uppfyllt. Stígar auka álag á starfsfólk og hamla því að yngri börnin geti farið um húsið nema undir ströngu eftirliti. Fataklefar eru þröngir og vinnuaðstaða þar er ekki góð. Eldhús hefur verið starfrækt á undanþágu af heilbrigðisástandum nokkur undanfarin ár en stendur nú til bóta þar sem vinna við endurbætur hefst á mars. Í timburhúsi með timburstigum milli hæða er mikilvægara en ella að viðbrögð starfsfólks séu fumlauð ef upp kemur eldur. Skýrsluhöfundar telja því mikilvægt að reglulega verði rýming leikskólans æfð í samstarfi við slökkvilið. Ekki er nægjanlegt að rýmingaráætlun liggja fyrir heldur þarf verksvið hvers og eins, ef upp kemur eldur, að vera þaulæft. Liggja þarf ljóst fyrir hver ber ábyrgð á að rýmingaráætlun verði fastur liður í áætlunum leikskólans.

Stjórnun, rekstur og starfsmannahald

Í viðtölum við leikskólastjóra, leikskólakennara og leiðbeinendur var leitað eftir upplýsingum um fjölda og menntun starfsmanna, fyrirkomulag funda, upplýsingastreymi og verkaskiptingu. Einnig var leitað eftir viðhorfum foreldra. Hér á eftir koma fram helstu atriði sem fram komu í viðtölum og þeim skriflegu gögnum sem skýrsluhöfundar höfðu aðgang að.

Rekstrarform

Barnaheimilið Ós er foreldrarekinn leikskóli sem var stofnaður 1973 af hópi foreldra sem tilraun til að reka barnaheimili með öðrum hætti en áður hafði tíðkast. Í Markmiðum og starfsreglum Barnaheimilisins Óss, ([2002) segir að það að leikskólinn sé foreldrarekinn þýði ekki eingöngu að foreldrar sjái um fjárhagslegan rekstur leikskólans heldur hafi þeir og aðrir aðstandendur barnanna tækifæri til að fylgjast með og móta starfseminna.

Stjórn foreldra er kosin til eins árs í senn og í henni sitja 5 foreldrar. Stjórn ber ábyrgð á daglegum rekstri leikskólans ásamt leikskólastjóra (Markmið og starfsreglur Barnaheimilisins Óss, (2002). Gjaldkeri sér um að innheimta gjöld, sér um launaútreikninga starfsmanna, upplýsir um fjárhagsstöðu þrisvar á ári, sér til þess að bókhaldið sé innan fjárhagsramma og gerir tillögur að daggjöldum, en þeim er ætlað að standa undir hallalausum rekstri. Stjórn Óss sér um inntöku barna og ráðningu og/eða uppsögn starfsmanna í samráði við leikskólastjóra. Stjórn leikskólans fundar með starfsmannahópnum þrisvar á ári, tekur við athugasemdum og kemur áleiðis til foreldra. Stórfundir foreldra eru haldnir mánaðarlega en á þeim taka foreldrar ákvarðanir um ýmis praktísk mál t.d. lengd sumarleyfis. Foreldrar skipta með sér að sjá um þvotta, viðhald innanhúss, þrif ef svo ber undir og að fá fyrirlesara með fræðsluerindi.

Fjöldi starfsmanna, stöðugildi og menntun

Á Ósi starfa 7 starfsmenn í 6,68 stöðugildum. Tveir leikskólakennarar starfa á Ósi, annar þeirra er deildarstjóri ásamt því að vera aðstoðarmaður leikskólastjóra. Hinn er leikskólastjóri í 50% stjórnunarstöðu og í 50% starfi inni á kjarna. Þrír leiðbeinendur starfa á Ósi þar af eru tveir í fastri vinnu með börnum inni á kjarna, einn er í afleysingum ásamt því að ræsta leikskólann. Einn leiðbeinandi er menntaður jarðfræðingur. Einn leikskólakennari er í foreldraorlofi til haustsins 2007. Matráður er í 67% starfi og þegar skýrsluhöfundar voru á vettvangi í desember var hann nýhættur og unnið að því að ráða nýjan. Um mánaðamótin febrúar/mars 2007 hætta þrír starfsmenn á Ósi þar á meðal leikskólastjóri. Gert er ráð fyrir að leikskólakennari sem starfað hefur í leikskólanum í eitt ár taki við stöðu leikskólastjóra. Leiðbeinendur hafa starfað á Ósi í

mislangan tíma, sú sem er með lengstan starfsaldur hefur starfað þar í rúm sex ár, tvær í tvö ár og ein í eitt ár.

Verkaskipting leikskólastjóra og starfsfólks

Í viðmiðunarstarfslýsingum fyrir leikskólakennara segir m.a. um hlutverk leikskólastjóra að hann sé faglegur leiðtogi og að meginverkefni hans sé að stjórna daglegri starfsemi leikskólans, gerð námskrár, ársáætlunar, ársskýrslu og mati á starfsemi leikskólans. Einnig er hlutverk hans að sjá um miðlun upplýsinga til deildarstjóra, að deila hlutverkum og ábyrgð til starfsmanna og gera símenntunaráætlun (Kjarasamningur leikskólakennara, 2006).

Í markmiðum og starfsreglum Barnaheimilisins Óss ([án ártals og bls.]) er tekið fram að starfið á Ósi endurspegli vilja og áhuga foreldra og starfsfólks á hverjum tíma. Þetta þýðir að leikskólastjóri og foreldrar bera sameiginlega ábyrgð á faglegu starfi leikskólans. Leikskólastjóri hefur það hlutverk að framfylgja hugmyndafræði Hjallastefnunnar en í viðtölum kemur fram að foreldrar ákváðu fyrir 11 árum að starf leikskólans fylgdi henni. Barnaheimilið Ós hefur gert þjónustusamning við Hjallastefnuna ehf. sem felur í sér samstarf um fræðslu fyrir foreldra og starfsmenn og heimild fyrir því að leikskólinn kalli sig Hjallastefnuleikskóla (<http://www.hjalli.is>). Skólanámskrá Óss er að stórum hluta tekin beint upp úr Námskrá Hjallastefnunnar og starfslýsingum hennar. Skólanámskráin var unnin áður en núverandi leikskólaskólastjóri hóf störf og hefur ekki verið endurskoðuð í hennar tíð nema sá hluti sem snýr að dagskipulagi hverju sinni og verkaskiptingu starfsfólks.

Helstu störf leikskólastjóra snúa að daglegri stjórnun og vinnu inni á kjarna. Hann miðlar upplýsingum til starfsmanna og foreldra og sér um að skipulag hvers dags gangi upp. Leikskólastjóri kemur beiðnum um viðhald innanhúss til foreldra en þeir bera ábyrgð á að sinna því. Í viðtölum við leikskólastjóra kemur fram að tími til faglegrar stjórnunar er af skorum skammti því mikil vinna fer í daglega umsýslu og afleysingar vegna manneklu og veikinda.

Formleg símenntunaráætlun starfsfólks liggur ekki fyrir en munnlegar upplýsingar fengust um það að ár hvert fer starfsfólk á ýmis námskeið og árlega ráðstefnu Hjallastefnunnar.

Í samtali við foreldri kemur fram að það grundvallaratriði er virt að leikskólastjóri sér um fagleg mál og það eru helst hagnýt mál sem tekist er á um. Þau eru þá tekin fyrir á stórfundi og ræður þá meirihluti foreldra hvaða ákvörðun er tekin. Deildarstjóri ber ábyrgð á starfi þess kjarna sem hann vinnur á en verklag og ábyrgð hvers og eins starfsmanns kemur skýrt fram í starfsmannahandbók.

Fundir og boðskipti

Eins og áður hefur komið fram sitja fimm foreldrar í stjórn Barnaheimilisins Óss. Stjórnin fundar tvisvar í mánuði ásamt starfsráði sem skipað er tveimur fulltrúum foreldra og leikskólastjóra. Á stjórnarfundum er tekið á málum sem ekki eiga heima á stórfundum svo sem starfsmannamálum. Mánaðarlega eru haldnir stórfundir foreldra barna á Ósi og er skyldumæting á þá fundi. Þar kynnr leikskólastjóri áætlun næsta starfstímabils, leitað er eftir hugmyndum frá foreldum og ýmis mál sem upp koma eru rædd og greidd atkvæði um þau þegar það á við.

Starfsmannafundir með öllum starfsmönnum eru haldnir einu sinni í mánuði. Í samtali við leikskólastjóra kemur fram að innra mat fari m.a. fram á þessum fundum, bæði símat sem tengist starfinu og einstökum börnum. Matsniðurstöður eru kynntar fyrir foreldrum á stórfundum. Á deildarfundum sem haldnir eru í þriðju viku hvers mánaðar fundar starfsfólk hvors kjarna fyrir sig og þá fá allir tækifæri til að tjá sig. Í viðtölum við leiðbeinendur kemur fram að þeim finnst að tekið sé tillit til þeirra sjónarmiða í daglegu starfi. Samskiptabók er notuð til daglegrar upplýsingamiðlunar, á milli starfsmanna og til foreldra, og er ein slík inni á hvorum kjarna. Foreldraviðtöl eru haldin einu sinni á ári og sjá leiðbeinendur jafnt sem leikskólakennarar um að ræða við foreldra þeirra barna sem þeir hafa umsjón með. Leikskólakennarar aðstoða leiðbeinendur við að undirbúa viðtölin.

Fréttabréf leikskólans kemur út annan hvern mánuð og á gangi leikskólans eru upplýsingar um hvað börnin gera í hópastarfi og yfirlit yfir val þeirra. Í samtali við foreldri kemur fram að greiður aðgangur er að starfsfólki og leikskólastjóra. Starfsfólk er með fasta viðtalstíma fyrir foreldra tvisvar í mánuði en einnig geta foreldrar pantað tíma til að ræða um börn sín ef þeir óska. Árlega taka tveir fulltrúar úr stjórn Barnaheimilisins Óss starfsmannaviðtöl.

Starfsmannahandbók

Eins og áður hefur komið fram vinna starfsmenn á Ósi samkvæmt starfslýsingum Hjallastefnunnar. Í starfslýsingunum er farið yfir reglur varðandi mætingar, þau verkefni sem hver vakt skal inna af hendi, ábyrgð sem starfsfólk hvors kjarna hefur, fyrirkomulag starfsmannafunda og reglur um veikindi. Sérstaklega er fjallað um umgengni um útifatnað og hlífðarföt og móttöku kennaranema. Að auki eru í námskrá Óss viðbætur sem eiga sérstaklega við um Ós og snúa að vinnutímaskipulagi hvers starfsmanns og ábyrgð hvers og eins.

Samantekt og mat

Barnaheimilið Ós hefur töluverða sérstöðu meðal leikskóla vegna mikillar þátttöku foreldra í rekstri hans. Sú nálægð sem þannig skapast virðist hafa góð áhrif á starfsandann og í viðtölum við starfsmenn kemur fram að það er ánægt með hve samskipti og samstarf við foreldra eru nán og

góð. Í vettvangsathugunum kom glögg í ljós að foreldrar líta á sig sem þátttakendur í starfi leikskólans og gefa sér tíma til að staldra við og spjalla um leið og þeir koma með og sækja börn sín. Verkaskipting milli foreldra og leikskólastjóra er skýr og ekki kemur annað fram en að það samstarf sé og hafi verið með ágætum. Í skriflegum gögnum eru verksvið og ábyrgð hvers starfsmanns ljós varðandi það hver á að vera hvar, hvenær og með hvaða börn. Fundir og fyrirkomulag boðskipta er ljóst og allir starfsmenn og foreldri sem skýrsluhöfundar ræddu við þekkja þetta fyrirkomulag og ríkir sátt um það. Í viðtölum við starfsmenn og foreldra var sú skoðun ríkjandi að mikil samstaða er um verkaskiptingu og starfsaðferðir í leikskólanum. Foreldri sem skýrsluhöfundar töluðu við hrósaði leikskólastjóra fyrir gott viðmót, góða stjórnun og markvissa vinnu með aga.

Skýrsluhöfundar telja mikilvægt að leikskólastjóri geti sinnt hlutverki sínu sem faglegur leiðtogi eins og fram kemur í viðmiðunarstarfslýsingum að sé eitt af hlutverkum hans. Í því felst meðal annars að leiða vinnu við skólanámskrá og skapa þannig vettvang til umræðu og ígrundunar um faglegar áherslur í daglegu starfi. Ljóst er af viðtölum og vettvangsathugunum að ábyrgðartilfinning gagnvart starfi og rekstri leikskólans ríkir jafnt meðal foreldra og starfsmanna. Það fyrirkomulag sem ríkir á Ósi er sérstakt og mikilvægt að leikskólinn geti starfað áfram sem foreldrarekin, lítil eining. Að mati skýrsluhöfunda er brýnt að sérstaða innra starfs leikskólans, áherslur Hjallastefnunnar og tengsl þess við aðalnámskrá leikskóla, sé betur skilgreind og rökstudd í skriflegum gögnum.

Uppeldis- og menntastarfið

Upplýsinga um uppeldis- og menntastarfið í leikskólanum var aflað með viðtölum, skoðun skráðra gagna og vettvangsathugunum.

Fjöldi barna og viðvera

Fjöldi barna í leikskólanum miðað við 1. nóvember 2006 eru 25 börn, 13 drengir og 12 stúlkur, á aldrinum 18 mánaða til fimm ára. Barngildi³ í leikskólanum eru samtals 32. Öll börnin eru skráð í níu tíma vistun og flest þeirra dvelja í átta til átta og hálfan tíma daglega.

Skólanámskrá

Í aðalnámskrá leikskóla segir að leikskólastjóri beri ábyrgð á heildarstefnu skólanámskrár í samræmi við lög og reglur. Til að ná sem bestum árangri og auka líkur á að framfylgja þeim áætlunum sem gerðar eru, skuli allt starfsfólk leikskóla taka þátt í gerð skólanámskrár á grundvelli starfsreynslu, lífsviðhorfa og þekkingar (Aðalnámskrá leikskóla 1999:36).

Eins og áður hefur komið fram hefur Barnaheimilið Ós starfað eftir Hjallastefnunni í 11 ár. Í viðtali við leikskólastjóra kemur fram að meginmarkmiðin í starfi leikskólans eru að efla og styrkja einstaklinginn, efla hugmyndaflug og alhliða þroska. Í skólanámskrá kemur fram að meginstef Hjallastefnunnar eru *kjörmun* eða *sundurgreining* sem talið er vera grundvöllur að öllum lausnum starfsins, í stað blöndunar og dreifingar. Leitin að kjarnanum sé að fjarlægja hismi, umbúðir og slaufur sem séu ónauðsynlegar fyrir innihaldið og geti jafnvel truflað sýn og skilning á því. Sundurgreining sé að greina stærri heildir niður í smærri einingar til að öðlast skilning á hverri fyrir sig og ná valdi á starfinu (Námskrá Barnaheimilisins Óss [án árt. og bls.]). Ekki fengust upplýsingar um það hvernig skólanámskráin var unnin í upphafi og hún hefur ekki verið endurskoðuð í tíð núverandi leikskólastjóra sem hefur starfað á Ósi í rúm þrjú ár. Í viðtölum við leikskólakennara og leikskólastjóra kemur fram að í daglegu starfi sé stuðst við aðalnámskrá leikskóla og námskrá Hjallastefnunnar. Í námskrá Hjallastefnunnar kemur fram að það séu þrjú meginatriði sem leikskólastarfið taki mið af:

- Skiptingu barnahópsins á kjarna eða deildir eftir kyni. Tilgangurinn með því er að leyfa stelpna- og strákamenningu að njóta sín jafnframt því sem unnið er gegn neikvæðum afleiðingum hefðbundinna staðalímýnda og kynhlutverka um möguleika stúlkna og drengja.

³ Barngildi leikskólabarna reiknast þannig: 5 ára barn reiknast sem 0,8 barngildi, 4 ára barn 1,0 barngildi, 3 ára barn 1,3 barngildi, 2ja ára barn 1,6 barngildi og 1 árs barn 2,0 barngildi. Við ákvörðun um starfsmannabörf skal tillit tekið til hversu mörg barngildi eru samtímis í leikskólanum. Þannig ræður fjöldi barngilda fjölda stöðugilda við leikskólann (Reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995. 7.gr. og nr. 365/2001 um breytingu á reglugerð nr. 225/1995)

- Áherslu á opin og skapandi efnivið og lausnir barnanna sjálfra í stað hefðbundinna leikfanga.
- Áherslu á jákvæðan aga og hegðunarkennslu þar sem læra á lýðræðislega samskiptahætti innan ákveðins ramma (Námskrá Hjallastefnunnar [án árt.]).

Samskipti, vinátta og félagsleg færni, sjálfstjórn og sjálfstæði, lýðræði og jafnrétti eru þeir þættir sem tiltekni eru sem mikilvægir innviðir í námskrá Hjallastefnunnar. Í Hjallastefnunni er lögð áhersla á skýran og einfaldan ramma þar sem ákveðnum meginreglum er fylgt. Jákvæðni, gleði og kærleikur á að vera ríkjandi viðhorf í samskiptum við börn, starfsfólk og foreldra. Áhersla er á að mæta hverju barni eins og það er og viðurkenna ólíkar þarfir aldurshópa, kynja og einstaklinga þar sem hver og einn hefur sínar þarfir sem leikskólinn lagar sig að. Í því augnamiði eru jafningjahópar, börn af sama kyni og líkum aldri, og sami hópstjóri fylgir hverjum hóp út skólaárið. Í Hjallastefnunni er *kynjaskipting* notuð sem meginaðferð til þess að stuðla að jafnrétti og lýðræði. Markmið skiptingarinnar er að auka möguleika á jákvæðri blöndun þar sem stúlkur og drengir fá athygli og hvatningu sem hæfir viðkomandi kyni. Þannig eru stúlkur þjálfaðar og hvattar til sjálfstæðis, virkni, sjálfstrausts og hugrekki á meðan drengir eru þjálfaðir og hvattir til hugusemi, kurteisi, sjálfsaga og samvinnu (Námskrá Hjallastefnunnar [án árt.]).

Hjallastefnunni er ætlað að skapa leikskólasamfélag sem er einfalt og gagnsætt og í takt við aldur, þroska og getu barnanna. Reglur eru hafðar einfaldar, umhverfi vel skipulagt, myndrænt og gagnsætt, þannig að ekki þurfi að gefa of mikið af munnlegum skilaboðum. Boðið er upp á opinn efnivið þar sem ímyndun barnanna ræður ferðinni, virðing fyrir umhverfinu með áherslu á nýtni, nægjusemi og hófsemi, umhirða um náttúruna og endurvinnsla eftir föngum. Börnunum er innrætt það viðhorf að öllum sé hollt að láta á móti sér öðru hvoru og þó svo að hægt sé að kaupa nýja hluti þá megi líka lappa upp á þá eldri.

Hjallastefnunni er ætlað að kenna börnum aga og hegðun á jákvæðan, hlýlegan og hreinskiptin hátt þar sem taminn vilji er leiðin til öryggis og frelsis fyrir alla. Með því að fara eftir reglum og halda sig innan rammans er talið að slakni á spennu og skapist rósemd og friður (Námskrá Hjallastefnunnar [án árt.] bls.6). Starfsmenn á Ósi telja námskrá Hjallastefnunnar vera mjög góðan leiðarvísi í daglegu starfi og segja að henni sé fylgt vel eftir.

Dagskipulag

Í skólanámskrá segir að í dagskrárgerð sé gætt jafnvægis þar sem hópátímar og val tímar eru til skiptis annan hvern klukkutíma alla daga. Börnunum er skipt í hópa þar sem leitast er við að hafa saman börn af sama kyni og á líkum aldri (Námskrá Barnaheimilisins Óss: [án árt.og bls.]).

Dagskipulag leikskólans er eftirfarandi:

- kl. 07.45 Leikskólinn opnar
- kl. 08:30 Morgunmatur
- kl. 09.30 Samverustund
- kl. 09.40 Hópatími
- kl. 10.30 Leiktími
- kl. 11:30 Hópatími - hádegisverður
- kl. 12.30 Hvíld hjá yngri börnum - leiktími á útisvæði hjá eldri börnum
- kl. 13.30 Hópatími
- kl. 14.30 Nónhressing
- kl. 15.00 Leiktími
- kl. 16.30 Ávextir og leiktími
- kl. 17.30 Leikskólinn lokar

Á Ósi er unnið eftir starfslýsingum Hjallastefnunnar en þar eru gefnar nákvæmar lýsingar á því hvernig náms- og leikumhverfi barnanna skal skipulagt, þ.e. skipulag rýmis, húsbúnaður, leik- og föndurefni og æskilegur fjöldi barna á hverju svæði. Í starfslýsingum eru nákvæmar leiðbeiningar um það hvernig skipulag og starfshættir skulu vera í hverjum dagskrárlið fyrir sig. Svonefndar meginreglur eða boðorð eru hluti af hugmyndafræði stefnunnar og segja til um hvernig og hvers vegna verið er að vinna en ekki hvað. Hverjum hópstjóra er ætlað að skipuleggja hvað gert er í hópastarfi út frá áherslum Hjallastefnunnar og áhuga barnanna hverju sinni.

Í *samverustund* er æfður söngur og börnin læra að fara með texta. Fréttatími er í boði þar sem allir fá að segja fréttir að heiman eða annað sem þeim liggur á hjarta hverju sinni. Ef einhver er veikur eru sendar góðar hugsanir til hans með því „að hugsa í steininn” og börnin læra þannig og upplifa að allir skipta máli. Þá eru jákvæðar staðhæfingar æfðar þar sem hvert barn dregur miða þar sem á stendur t.d. „þú ert góð að hugga”. Allur hópurinn segir þá þessa staðhæfingu við barnið. Í samverustund gefst börnunum einnig tækifæri til að syngja einsöng eða dansa fyrir félagi sína.

Hver *leiktími* hefst á valfundi þar sem börnin velja sér viðfangsefni. Tilgangur valtíma er að dreifa réttlátlega á leiksvæði og æfa jákvætt mótlæti, þ.e. að fá ekki alltaf það sem maður vill, sem talin er forsenda jafnréttishugsunar hjá börnum. Á valfundum er ávallt það sama í boði en fjöldi barna á hvert svæði ræðst af heildarfjölda barna á hvorum kjarna. Þau leiksvæði sem eru í boði eru eftirfarandi: leikstofa, útisvæði, spýtukrókur, listakrókur, leirkrókur, listasmiðja og bygginga-krókur. Val barnanna er skráð á þar til gerð valfundarblöð. Það barn sem er fyrst að velja á valfundi er síðast á næsta fundi. Þetta er gert í þeim tilgangi að tryggja réttlátt aðgengi barnanna að leiksvæðum.

Hópatímar eru þegar jafningjahópur barna af sama kyni og á líkum aldri er saman ásamt sínum fasta hópstjóra/kennara. Allar máltíðir og hvíldarstundir falla innan hópatíma. Í hópatímum er unnið sérstaklega með áherslur Hjallastefnunnar eins og samskipti, kjarkæfingar, jákvæðni og hegðun, vettvangsferðir og verkefni sem tengjast námssviðum leikskólans. Hópar eru kynjablandaðir í upphafi dags, í útiveru og dagslok.

Daglegt líf

Það sem heyrir m.a. undir daglegar athafnir í leikskóla eru matmálstímar, hreinlæti, hvíld og að klæða sig úr og í. Í skólanámskrá leikskólans er ekki fjallað sérstaklega um þessa þætti.

Í heimsókn á vettvangi kemur í ljós að börnin skiptast á að undirbúa matmálstímann með því að sækja áhöld og mat í eldhúsið og fá tækifæri til þess að skammta sér sjálf mat eftir því sem aldur þeirra og færni eykst. Í fataherberginu er ýtt undir og börnin hvött til þessa að klæða sig sjálf úr og í útifötin og ganga frá fatnaði. Að loknum hádegisverði eru rólegar stundir, þar sem yngstu börnin sofna eða hvílast á dýnu á meðan eldri börnin skoða bækur. Yngri börnin fara í útivist á morgnana en eldri börnin eftir hádegi.

Námssvið og námsþættir

Í aðalnámskrá leikskóla (1999:19) kemur fram að námssvið leikskóla séu áhersluþættir í leikskólauppeldi. Námssviðin eru hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi, menning og samfélag. Námssviðin skarast og eru samofin undirstöðupáttum leikskólastarfs: leik, daglegri umönnun og lífsleikni.

Leikskólastjóri er þess fullviss að verið sé að vinna með alla þroskaþætti og námssvið samkvæmt aðalnámskrá leikskóla. Lögð er áhersla á að vinna með nánasta umhverfi leikskólans, félags- og samskiptaþætti, líkama og hreyfingu. Hjá stúlkunum er lögð sérstök áhersla einstaklingsþjálfun sem gengur m.a. út á að efla sjálfstæði, sjálfstraust, frumkvæði, hreysti og kjark. Hjá drengjunum er sérstök áhersla á félagslega þætti eins og aga, hegðun, viðhorf og samskipti, nálægð og vináttu. Fram kemur að hópastarfið tekur mið af aldri og áhuga barnanna hverju sinni. Hjá yngri börnunum er umönnun meiri og unnið er að því að efla málþroska, líkamsvitund og hreyfiþroska ásamt því að mikið er sungið og unnið með kjarkæfingar. Hjá eldri börnunum er áherslan m.a. á hegðunarkennslu, samskipti, sjálfsmýnd og söguskrif. Að sögn leikskólastjóra er reglulega farið yfir hvar börnin standa í þroska með það að markmiði að koma auga á hvaða þroskaþætti þarf að ýta undir hjá hverju og einu barni ásamt því að leita eftir og ýta undir styrkleika þeirra.

Samstarf er við Austurbæjarskóla í tengslum við aðlögun elstu barnanna að grunnskóla. Leikskólastjórar í hverfinu, kennarar á yngsta stigi Austurbæjarskóla og fulltrúi frá hverfamiðstöð

hittast á samráðsfundum fjórum sinnum á ári. Samstarfið hefur m.a. gengið út á það að þróa gátlista yfir stöðu barns í lok leikskólagöngu sem hugmyndin er að fylgi því yfir í grunnskóla. Í þessari vinnu hefur verið lögð mikil áhersla á að gerð sé grein fyrir styrkleikum barnanna á þessum tímamarki. Í samstarfi leikskólans við grunnskólann felast einnig gagnkvæmar heimsóknir barnanna. Nemendur í Austurbæjarskóla koma þá í heimsókn í leikskólann, leika og lesa stundum fyrir börnin á Ósi. Elsti árgangur leikskólans fer í skólaheimsókn og tekur þátt í skólafarfinu. Leikskólinn hefur afnot af leiksvæði skólans og á vorin fara tveir elstu árgangarnir á sundnámskeið í sundlaug Austurbæjarskóla.

Eins og áður hefur komið fram hafa starfsmenn nokkuð frjálssar hendur um það hvað gert er í hópastarfi. Í viðtölum við starfsmenn kemur fram að ekki fer fram markviss vinna í tengslum við námssviðin eða þær áherslur sem fram koma í aðalnámskrá leikskóla, í hópastarfi og eða daglegu starfi og að e.t.v. mætti sá þáttur vera markvissari. Við eftirgrennslan kemur í ljós að í hópastarfi er farið í gönguferðir að minnsta kosti einu sinni í viku og þá er til dæmis farið á lóð Austurbæjarskóla eða Freyjuróló þar sem farið er í leiki eða þau leiktæki sem þar eru. Hallgrímskirkja, listasafn, bókasafn og fleiri stofnanir í nágrenni leikskólans eru einnig heimsóttar. Á vorin og sumrin taka börnin þátt í að hirða garðinn, sópa og setja niður matjurtir. Afmælum barnanna er fagnað þannig að afmælisbarnið er haft í sviðsljósinu og býður upp á poppkorn, vínber eða aðra hollustu í tilefni dagsins. Daglega er sungið með börnunum og sameiginleg söngstund fyrir allan hópinn er á föstudögum. Þá skiptast drengir og stúlkur á að skipuleggja söngstundina og bjóða hvorum hóp fyrir sig. Börnin hafa aðgang að bókum til að skoða og lesið er fyrir minni hópa en einnig er lögð áhersla á að starfsmenn segi sögur frá eigin brjósti.

Sérþarfir barna

Leikskólinn hefur aðgang að sálfræðipjónustu og talmeinafræðingi hjá Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða. Eins og er eru engin börn með skilgreinda þörf fyrir sérkennslu en tvö börn eru á biðlista eftir þroskamati.

Mat á leikskólafarfinu

Í reglugerð um starfsemi leikskóla (nr. 225/1995) segir að sérhver leikskóli skuli móta aðferðir til að meta uppeldisstarf, stjórnunarhætti og samskipti bæði innan leikskólans og utan hans. Í viðtali við leikskólakennara kemur fram að deildarfundir séu nýttir til að skipuleggja og ræða almennt um starfið og einstök börn. Val barnanna er skráð á þar til gerð eyðublöð í þeim tilgangi að fá yfirsýn yfir hvað þau velja og til að tryggja réttlátt aðgengi barnanna að svæðum. Hjá leikskólafarfinu kemur fram að almennt sé rétt um leikskólafarfið og einstök börn á deildar- og starfsmanna-

fundum. Ekki fer fram formlegt innra mat þar sem notaðir eru viðurkenndir og staðlaðir matslistar eins og ECERS⁴ kvarðinn eða Barnið í brennidepli⁵.

Hópstjórar taka viðtöl við foreldra þeirra barna sem þeir hafa umsjón með. Viðhorfskannanir á meðal foreldra og starfsmanna eru framkvæmdar einu sinni á ári. Niðurstöður eru kynntar foreldrum og jafnframt nýttar til endurskoðunar og þróunar á áherslum og starfsháttum leikskólans.

Samantekt og mat

Í námskrá Hjallastefnunnar, sem Barnaheimilið Ós vinnur eftir, kemur fram að megináherslan í daglegu starfi sé að efla félags- og samskiptafærni, sjálfstjórn og sjálfstæði, lýðræði og jafnrétti. Þá er undirstrikað að jákvæðni, gleði og kærleikur eigi að vera ríkjandi viðhorf í samskiptum við börn, starfsfólk og foreldra. Í viðtölum við leikskólastjóra og starfsmenn leikskólans kemur fram mikil ánægja með að vinna eftir námskrá Hjallastefnunnar og að þeir eru sér mjög meðvitaðir um þær áherslur sem þar koma fram. Af vettvangsathugunum má ráða að þessum þáttum (samskiptum, vináttu og jafnrétti) er vel sinnt í daglegu starfi. Áberandi er að starfsmenn gefa sig að börnunum með snertingu og augnsambandi, og eru til staðar fyrir þau þó svo að sú samskiptatækni sem notuð er virki fremur yfirborðskennð á utanaðkomandi, en í Hjallastefnunni er lögð áhersla á ákveðið orðfæri eins og *kæra vinkona og kær vinur*. Einnig er lögð áhersla á að ákveðnar staðhæfingar séu æfðar í samverustund til dæmis með því að hvert barn dregur miða sem á stendur þú ert góð/ur að hugga eða þú ert flink/ur að hrósa, og hópurinn segir allur saman viðkomandi fullyrðingu við barnið. Að mati skýrsluhöfunda er mikilvægt að tengja orð og athöfn þannig að barnið átti sig á tengslum hróss og þess sem það gerir, til að forðast innantóma frasa sem hafa hugsanlega litla merkingu fyrir barnið.

Í Aðalnámskrá leikskóla kemur fram að skólanámskrá eigi að vera rökstuddur og raunhæfur leiðarvísir um hvernig leikskólinn hyggst vinna að þeim uppeldismarkmiðum sem aðalnámskrá setur (Aðalnámskrá leikskóla 1999:35). Af viðtölum við starfsmenn og vettvangsathugunum má ráða að í uppeldis- og menntastarfinu sé þeim áherslum sem fram koma í aðalnámskrá leikskóla sinnt. Að mati skýrsluhöfunda er þó ástæða til að skrá áherslur og stuðla þannig að því að starfsmenn verði meðvitaðri um tengsl starfsins við Aðalnámskrá leikskóla. Á þetta t.d. við um námssvið leikskólans. Í leikskólanum er verið að vinna að ákveðnum verkefnum sem tengjast aðalnámskrá og námssviðum leikskóla, en af viðtölum við starfsmenn og þeim skráðu gögnum sem stuðst var við er þetta ekki meðvitað eða markvisst.

⁴ Kvarði til að meta leikskólastarf fyrir þriggja til sex ára börn.

⁵ Matsaðferð til að meta gæði uppeldis- og menntastarfsins, samskipti starfsfólks, foreldrasamstarf og stjórnun.

Eins og að framan er getið hefur skólanámskrá Óss ekki verið endurskoðuð eða þróuð síðastliðin ár en starfið þess í stað byggt á námskrá Hjallastefnunnar. Fram kemur að meginstef starfsins séu kjörnun eða sundurgreining sem talið er vera grundvöllur að öllum lausnum starfsins, í stað blöndunar og dreifingar. Leitin að kjarnanum sé að fjarlægja hismi, umbúðir og slaufur sem séu ónauðsynlegar fyrir innihaldið og geti jafnvel truflað sýn og skilning á því. Í námskránni er lögð áhersla á efnislegt umhverfi, ólíkar þarfir kynja, jafnrétti, samskipti og aga, og settar eru fram ákveðnar staðhæfingar og staðalímyndir um leikefni, fyrirmyndir, framkomu og hegðun hvors kyns fyrir sig. Þá eru settar fram hugmyndir og leiðir um hvernig koma megi í veg fyrir eða ýta undir ákveðna þætti í fari hvors kyns fyrir sig (sbr. bls. 13 og 19-20 hér að framan og námskrá Hjallastefnunnar [án árt.] bls. 19-21).

Að mati skýrsluhöfunda eru sýnileg tengsl skólanámskrár Óss og/eða námskrár Hjallastefnunnar við aðalnámskrá leikskóla ekki ljós. Í námskrá Hjallastefnunnar segir að hún byggi á og uppfylli öll skilyrði aðalnámskrárinnar, án þess að sú staðhæfing sé rökstudd nánar. Hér verður því að telja að um ákveðna ytri stjórnun sé að ræða þar sem stefnumótun leikskólans er sett í hendur aðila utan hans. Hugmyndafræði er þannig innleidd og sett fram sem námskrá Barnaheimilisins Óss án þess að ljóst sé hvort fagleg umræða eða ígrundun hafi farið fram. Leikskólastjóri ber ábyrgð á að markmið með starfinu séu skráð og að til sé skólanámskrá sem lýsir hvernig leikskólinn ætlar að uppfylla markmið Aðalnámskrár leikskóla. Að mati skýrsluhöfunda er ekki fullnægjandi að nota námskrá Hjallastefnunnar sem skólanámskrá fyrir Ós. Þó unnið sé eftir Hjallastefnunni er mikilvægt að fagleg umræða eigi sér stað meðal starfsfólks og stefna leikskólans, markmið og leiðir í faglegu starfi með börnunum, á að vera til skráð að mati skýrsluhöfunda. Nauðsynlegt er að rekstraraðili og stjórnendur leikskólans leggi áherslu á að unnið verði að skólanámskrá fyrir leikskólann Ós eins og Aðalnámskrá leikskóla gerir ráð fyrir.

Samskipti, samstarf og starfsandi

Hér á eftir verður vikið að samskiptum í starfsmannahópnum, samskiptum við foreldra, samskiptum fullorðinna og barna og samskiptum í barnahópnum. Upplýsinga um samstarf og samskipti var aflað með viðtölum og athugunum á vettvangi.

Samskipti milli starfsmanna

Í viðtölum kom fram að starfsmenn eru almennt sammála um að góður starfsandi ríki á vinnustaðnum. Virðing og nálægð eru orð sem starfsmenn nota til að lýsa samskiptunum. Leiðbeinendur taka fram að mikið mark sé tekið á þeim og að þeir finni aldrei fyrir að litið sé niður á þá. Leikskólastjóri og leikskólakennari telja að ramminn sem starfinu er settur virki vel á starfsandann og einnig það að verksvið eru skýr. Þegar upp koma samskiptavandamál eru þau leyst og ef þörf er á er utanaðkomandi aðstoð fengin. Starfsmenn skipta með sér verkum og ganga í verk hvers annars þegar þörf er á.

Samskipti barna og starfsmanna

Samkvæmt námskrá Barnaheimilisins Óss er ætlast til að starfsfólk sýni börnum leikskólans kærleika og hlýju. Jákvæðni, kærleikur, gleði, jafnvægi, ábyrgð og agi eru lykillugtök sem einkenna eiga samskipti í Hjallaleikskólum (Námskrá Barnaheimilisins Óss: [án árt.og bls.]).

Í Hjallastefnunni er byggt upp hópakerfi til að tryggja að „hvert barn verði ekki að óljósri sameign tveggja eða fleiri starfsmanna heldur sé sundurgreint hver beri ábyrgð á hvaða barni og að „allir séu ekki að gusa á sömu blómin!“ (Námskrá Barnaheimilisins Óss: [án árt.og bls.]). Í viðtölum við starfsmenn kom fram að mikil áhersla er lögð á að kenna börnunum samskipti og unnið er eftir boðorðunum tíu um aga og hegðunarkennslu (Námskrá Hjallastefnunnar [án ártall] bls. 16).

Starfsmenn gefa sér góðan tíma með börnunum og kenna þeim margt um leið og daglegar athafnir fara fram. Börnunum er t.d. gefinn tími til að læra að ganga frá fötunum sínum í fataklefa og sjá má að þau hafa tileinkað sér það. Starfsmenn sitja með börnunum til borðs á matmálstímum og farið er með *orð* sem eru til þess fallin að ná hugarró áður en matast er. Börnin fá tækifæri til að bjóða sig fram til að fara með *orðin* og bjóða félögum sínum að gjöra svo vel.

Samskipti barna

Í samtölum við starfsmenn kemur fram að margt er gert til að efla félagslega færni barnanna. Eins er ljóst í skólanámskrá að mikil áhersla er lögð á að þjálfar börnin í að vinna með öðrum börnum, skiptast á og snertast. Megináherslur hjá drengjum og stúlkum eru ólíkar enda er í Hjallastefnunni gengið út frá því að drengir og stúlkur þurfi ákveðna félagsþjálfun en á ólíkan hátt.

Í heimsóknum skýrsluhöfunda voru börnin bæði í skipulögðu starfi og í frjálsum leik. Börnin sýndu af sér leikgleði og áhuga á því sem þau og önnur börn voru að gera. Á milli barnanna virtist ríkja glaðvær vinátta og þau eldri sýna þeim yngri umhyggju.

Samstarf og samskipti við foreldra

Rekstrarform Barnaheimilisins Óss krefst náins samstarfs milli foreldra og starfsfólks. Í viðtölum við foreldri, starfsmenn og leikskólastjóra kemur fram að bæði formlegt og óformlegt samstarf og samskipti milli þessara aðila ganga vel. Á vettvangi urðu skýrsluhöfundar vitni að þeim góða anda sem einkennir samskipti þessara aðila. Áberandi er hvað foreldrar eru heimavanir í leikskólanum og að ákveðið traust og virðing ríkir á milli foreldra og starfsmanna.

Foreldrar hafa töluverð áhrif á starfið og taka ákvarðanir í ýmsum málum eins og áður hefur komið fram. Þeir hlusta eftir röddum starfsfólks þrisvar á ári og taka tillit til óska þeirra. Þess á milli er leikskólastjóri milliliður milli þessara aðila. Þegar foreldrar sækja börn sín gefa þeir sér tíma til að setjast niður og spjalla við börn og starfsmenn. Sameiginleg árshátíð er haldin og starfsmenn og fjölskyldur þeirra taka þátt í árlegri sumarbústaðaferð foreldra og barna á Ósi. Þá sjá foreldrar um þvotta og hlaupa undir bagga þegar þörf er á. Foreldrar gæta þess að nýir foreldrar verði hluti af hópnum með því að úthluta þeim vinafjölskyldu. Einnig sjá þeir um að virkja foreldra í samstarfinu og ekki er hægt að skorast undan því að taka þátt.

Viðhorf foreldra

Til stóð að ræða við þrjá fulltrúa foreldra en ekki var hægt að finna tíma sem öllum hentaði svo afráðið var að láta viðtal við foreldra tveggja barna nægja. Af óviðráðanlegum orsökum gat aðeins annað foreldrið mætt í viðtalið. Það foreldri sem rætt var við hefur átt tvö börn á Ósi, setið í stjórn og verið gjaldkeri. Hann er ánægður með starfið í leikskólanum, nálægðina við starfsfólkið og smæð leikskólans. Í könnun sem gerð var árið 2005, til að kanna viðhorf foreldra til leikskólans, kemur fram að mikill meirihluti foreldra er ánægður með starfið. Í þeirri könnun er starfsfólki hrósað sérstaklega og bæði smæðin og einfaldleikinn er nefnt sem jákvæðir þættir ásamt góðum aga.

Aðrir samstarfsaðilar

Í samtali við leikskólastjóra kemur fram að helstu samstarfsaðilar utan leikskólans eru Austurbæjarskóli, leikskólinn Laufásborg og Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða.

Öll börn á Ósi sem eru í elsta árgangi hverju sinni fara í heimsókn í Austurbæjarskóla, burtséð frá því hvort þau munu sækja þann skóla. Þau kynnast þannig starfi grunnskóla áður en þau hefja skólagöngu. Börnin á Ósi fá einnig að nýta skólalóð Austurbæjarskóla til leikja og hafa fengið

afnot af sundlaug skólans. Samstarf við leikskólann Laufásborg, sem starfar einnig í anda Hjallastefnunnar, er töluvert. Þangað sækja börnin umferðaskólann og fara í reglulegar heimsóknir. Börn sem hafa þurft á greiningu vegna þroskafrávika að halda hafa fengið hana hjá Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða.

Samkvæmt upplýsingum frá leikskólastjóra hafa foreldrar samstarf við Reykjavíkurborg vegna rekstrar leikskólans. Í viðtali við foreldri kom fram það sjónarmið að mikilvægt sé að starfsmenn á Ósi geti sótt þá símenntun sem stendur til boða í leikskólum Reykjavíkur.

Samantekt og mat

Í viðtölum við foreldri, starfsmenn leikskólans og í niðurstöðum viðhorfskönnunar á meðal foreldra kemur fram mikil ánægja með samskipti og samstarf foreldra og starfsmanna á Ósi. Það er ljóst að í samskiptum við börnin leggja starfsmenn sig fram um að vinna samkvæmt þeim áherslum sem fram koma í námskrá leikskólans, sýna þeim kærleika, hlýju og styrkan aga. Börnunum er vel ljóst hvað er í boði og hvað ekki, þeim virðist líða vel í leikskólanum og samskipti þeirra á milli eru góð. Nálægð við foreldra er mikil og kemur hún ekki síst til af því rekstrarformi sem ríkir í leikskólanum. Þetta góða samstarf byggir á rúmlega þrjátíu ára gömlum grunni og fyrirkomulag því orðið mjög þróað og skýrt.

Samantekt

Í þessari skýrslu hefur verið leitast við að varpa ljósi á starfshætti Barnaheimilisins Óss í Reykjavík. Athyglinni var fyrst og fremst beint að því hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga, reglugerðar og aðalnámskrá leikskóla. Upplýsinga var aflað með viðtölum við leikskólastjóra, leikskólakennara, leiðbeinendur og fulltrúa foreldra. Skýrsluhöfundar fylgdust einnig með starfinu á vettvangi og greindu þau gögn sem til eru skráð í leikskólanum.

Af niðurstöðum er ljóst að margt er mjög jákvætt í starfi leikskólans. Samskipti einkennast af nálægð og hlýju og starfsandi er jákvæður. Rekstrarformið og smæðin skapa mikla nálægð á milli starfsmanna og foreldra og sameiginleg ábyrgð þeirra á starfinu gerir það að verkum að allir leggjast á eitt við að láta starfið ganga sem best, þrátt fyrir að ýmis aðbúnaður sé ekki eins og best verður á kosið. Foreldrar eru mjög ánægðir með starfið og sú ábyrgð sem þeir bera gerir það að verkum að þeir upplifa sig sem mikilvægan hluta af starfseminni og er áberandi að þeir eru öllum hnútum kunnugir þar. Ábyrgð stjórnar, fyrirkomulag foreldrastarfsins og það til hvers er ætlast af foreldrum er mjög skýrt.

Smæð leikskólans og rekstrarform leiðir til þess að starf leikskólastjóra snýr að mestu að daglegri stjórnun, þar sem fjármál eru í höndum gjaldkera úr hópi foreldra og faglegt hlutverk leikskólastjóra er að framfylgja þeirri hugmyndafræði sem foreldrar barna á Ósi tóku ákvörðum um að unnið sé eftir. Við greiningu gagna leikskólans er ljóst að mjög vel er haldið utan um daglegt skipulag og öll verkaskipting er skýr. Í viðtölum bæði við leikskólastjóra og leikskólakennara kemur fram að þeim er ljóst hvar og hvernig starfið tengist námssviðum Aðalnámskrár leikskóla hins vegar skortir á að leiðbeinendur séu meðvitaðir um það. Skýrsluhöfundar leggja áherslu á að nauðsynlegt er að leikskólastjóri sjái til þess að í skráðum gögnum leikskólans komi fram úrvinnsla á þeirri hugmyndafræði sem unnið er eftir. Það felur í sér að skrá þarf útfærslur leikskólans á hugmyndafræðinni og einnig verður að rökstyðja hvar og hvernig starfið samræmist Aðalnámskrá leikskóla. Með þeim hætti verður skólanámskráin fremur lýsandi plagg um faglegt starf sem unnið er á Barnaheimilinu Ósi en nú er.

Það er von skýrsluhöfunda að niðurstöður þessa mats, bæði það sem dregið hefur verið fram sem kostir leikskólans en einnig það sem betur mætti fara, nýtist til frekari uppbyggingar í starfsemi leikskólans. Hér á eftir verða dregnir fram helstu styrkleikar og veikleikar í starfi leikskólans.

Til styrkleika í starfinu má helst nefna:

- Verkaskipting starfsmanna og foreldra er skýr
- Rekstrarform skapar nálægð foreldra og starfsmanna
- Jákvæður starfsandi
- Samskipti einkennast af nálægð og hlýju
- Foreldrar eru ánægðir með starfsemi leikskólans og telja að börnunum líði vel
- Lagt er upp úr sjálfshjálpi barnanna

Til veikleika í starfinu má helst nefna:

- Uppeldis- og menntastarfið er ekki nægilega vel rökstutt í skólanámskrá
- Leikskólastjóri gegnir jafnframt stöðu deildarstjóra
- Rýming húsnæðis hefur ekki verið æfð
- Lágt hlutfall starfsmanna með leikskólakennaramenntun

Ytri þættir:

- Húsnæði er ekki heppilegt fyrir starfsemi leikskóla
- Heildarrými fyrir hvert barn er undir viðmiðunarreglum í reglugerð um starfsemi leikskóla
- Starfsmenn og börn deila sama salerni
- Eldhús uppfyllir ekki kröfur Heilbrigðiseftirlitsins
- Aðkoma að leikskólanum er þröng með tilliti til umferðar og bílastæða

Heimildaskrá

Aðalnámskrá leikskóla. 1999. Reykjavík, menntamálaráðuneytið

Frost, J.L., Wortham, S.C., og Reifel, S. (2005). Play and Child Development (2. útgáfa). New Jersey: Pearson

Hjalli.is. Vefsíða Hjallastefnunnar. <http://hjalli.is>

Kjarasamningur Félags leikskólakennara og launanevndar sveitarfélaga 2006. Viðmiðunarstarfslýsingar leikskólakennara.

Námskrá Barnaheimilisins Óss [án ártals].

Námskrá Hjallastefnunnar, [án ártals]. Hugmyndafræði og starfsgrundvöllur. Hjallastefnan.

Niðurstöður úr viðhorfskönnun á meðal foreldra. [án ártals]

Niðurstöður spurningakönnunar fyrir starfsfólk. [án ártals]

Lög um leikskóla nr. 78/1994.

Markmið og starfsreglur Barnaheimilisins Óss. Maí 2002

Reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995.

Reglugerð nr. 365/2001 um breytingu á reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995.

Reglur um húsnæði vinnustaða nr 581/1995.

Starfslýsingar Hjallastefnunnar, [án árt.]. Skráð vinnuferli. Hjallastefnan.